

Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri - 4. tbl. 13. árg

Febrúar, mars og fram í apríl 2024

Komið þið öll sæl og blessuð!



Árið 2024 gekk í garð með miklum frosthörkum og umhleypingum. Nú er kominn febrúar og áfram geysist skólastarfið í átt að hækkandi sól. Innleiðing á leiðsagnarnámi er helsta viðfangsefni í skólastarfi Glerárskóla þessi dægrin og gengur vel. Nemendastýrðu viðtölin í janúarlök tókust afar vel og gaman að sjá hve nemendur verða áræðnari og taka meiri ábyrgð á eigin námi eftir því sem við eflum frumkvæði þeirra. Það er margvísleg framundin í skólastarfinu og má þar nefna ferð í Hlíðarfjall, árshátíð og þemadaga. Þar utan er hefðbundið skólastarf sem einkennist af fjölbreyttum lærdómi, margskonar kennsluháttum, gleði, áskorunum og uppskeru. Ofan á þetta allt saman bætast síðan framkvæmdirnar við skólann en ráð er fyrir því gert að þeim verði lokið að mestu innandyra í maí og utandyra í sumar. Það verða því glaðir og kátir starfsmenn, nemendur og forráðamenn sem taka til starfa á komandi hausti og aðeins ein framkvæmd eftir til að klára skólann. Sú framkvæmd verður á skólaárinu 2026-2027 miðað við áætlanir Akureyrarbæjar. En framundan er vorönnin með öllu sem henni tilheyrir og eins og venjulega líður hún sennilega alltof fljótt. Við erum kát og glöð með starfið í skólanum okkar sem einkennist af fagmennsku, samstöðu og umhyggju og hlökkum til að takast á við starfið næstu mánuði.

Að venju bendum við öllum á að lesa fréttabréfið vel, fylgjast með tölvupóstum og heimasíðu/fésbókarsíðu skólans þar sem upplýsingar birtast reglulega auk pósta frá kennurum.

Með kærri kveðjur frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Tómasi og Hrafnhildi

Vetrarfrí og stuttur dagur

Þriðjudaginn 13. febrúar n.k. er skóli til kl. 12:00 en þá opnar Frístund fyrir nemendur. Dagana 14. - 16. febrúar er vetrarfrí í Glerárskóla og því er enginn skóli þá daga.



Læsisátak

Þessa viku, 5. - 9. febrúar 2024, er læsisátak í Glerárskóla. Nemendur og starfsfólk keppast nú við að lesa a.m.k. eina bók í vikunni og síðan verður útbúin bókahilla með bókakjöllum svo hægt verði að sjá afraksturinn.



Upphátt - upplestrarkeppni 7. bekkjar grunnskóla Akureyrar

Upphátt, upplestrarkeppni 7. bekkjar grunnskólanna á Akureyri fer fram í Hofi, þriðjudaginn 7. mars 2022 kl. 14:30.
Forval innan Glerárskóla fer fram 27. febrúar komandi.



„Kærleikurinn heldur kuldanum frá þér betur en góð kápa“

Henry Wadsworth Longfellow

Glerárskóli í Hlíðarfjall

Þriðjudaginn 12. mars komandi fer Glerárskól í árlega ferð í Hlíðarfjall. Nú þegar erum við byrjuð að skipuleggja en allar upplýsingar koma þegar nær dregur.



Erasmus+ í Glerárskóla

Víkuna 2. - 8. mars fer fjörugur og flottur hópur frá Glerárskóla í Erasmus+ ferð til Grikklands. Fjórir nemendur og tveir starfsmenn fara í þessa ferð en hún tilheyrir verkefninu No One Out sem við í Glerárskóla stýrum. Þetta verður mikið ferðalag og eiga nemendur eftir að upplifa og læra margt í ferðinni. Við óskum þeim gleði og góðrar ferðar þegar þar að kemur og hlökkum til að fá kynningu á ferðinni þegar heim er komið.



Árshátíð Glerárskóla 2023-2024

Víkuna 18. - 22. mars 2024 verður mikið um að vera í Glerárskóla eins og lög gera ráð fyrir. Árshátíðin okkar hefur frá upphafi (nú yfir 30 ár) verið þekkt fyrir glæsileika og engin undantekning verður á því þetta árið.

Nemendur í 9. bekk hafa þegar byrjað æfingar á leikverki hátíðarinnar og aðrir bekkir fara brátt að huga að sínum atriðum. Sýningar verða líkt og venjulega á miðvikudegi og fimmtudegi en á fimmtudagseftirmiðdag og kvöld verða árshátíðarböll nemenda.

Allt skipulag við árshátíðina er ígrundað í þaula og allir nemendur og starfsmenn koma að henni á einhvern hátt. Þar sem Glerárskóli á ekki hátíðarsal, setjum við upp glæsilega aðstöðu í íþróttahúsi og til þess þarf margar hendur.

En það er ekki einvörðungu leiklistin sem fær að njóta sín þessa daga. Glerárskóli vill standa fyrir öflugum list- og verkgreinum utan alls þess sem bóklegar greinar og hreyfing leggja áherslu á. Þess vegna er alltaf ljóðasamkeppni og myndlistarsamkeppni í tengslum við árshátíðina auk þess sem við krýnum íþróttafólk ársins á þessum dögum. Listaverk nemenda eru síðan til sýnis á árshátíðardögum. Árshátíðardagarnir eru því stór hluti af skólasýn Glerárskóla: HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Nánari upplýsingar verða sendar í sér pósti til forráðamanna þegar nær dregur.



Nemendaráð - hvað er á dagskrá!

Inn á heimasíðu Glerárskóla má finna skjal með upplýsingum um viðburði nemendaráðs. Hér er stutt samantekt en linkurinn er þessi:

<https://glerarskoli.is/wp-content/uploads/2023/10/Verkefni-a-vegum-Nemendafelags-Glerarskola.pdf>

22. febrúar - náttfatadagur

21. mars - litríkir, skræpóttir sokkar

12. apríl - blár dagur

17. maí - hattadagur



Þemadagar í apríl

23. og 24. apríl eru þemadagar í Glerárskóla. Þessa daga er skóli til kl. 12:00 en eftir það er Frístund opin. Allt nánara skipulag kemur þegar nær dregur.

Námsferð starfsmanna Glerárskóla

Föstudaginn 26. apríl er skipulagsdagur í Glerárskóla og því nemendafrí. Frístund er lokuð þann dag. Frá 25. apríl til 28. apríl fara starfsmenn í námsferð til Prag í Póllandi og taka í það sumardaginn fyrsta, skipulagsdaginn og helgina. Dagskráin í ferðinni er öll tengd hópefli, samskiptum og útvíkkun á faglegu skólastarfi.



„Höfuðið á mér segir að það sé vetur, en í hjarta mínu er eilíft sumar!“
Victor Hugo



Helstu atburðir í febrúar til júní 2024

Febrúar 2024	
13. febrúar	Skóladagur til kl. 12:00 og þá opnar Frístund fyrir skráða nemendur
14. - 16. febrúar	Vetrarfrí - nemendur í fríi frá skólasókn
Mars 2024	
12. mars	Hlíðarfjall - Skóla lýkur kl. 12:00 og þá opnar Frístund fyrir skráða nem.
7. mars	Upphált - upplestrarkeppni 7. bekkja Ak. - kl. 14:30 í Hofi
20. - 21. mars	Árshátíð Glerárskóla (öll vikan meira og minna)
23. mars - 1. apríl	Páskafrí (Frístund opin 25.-27. mars fyrir skráða nemendur)

Apríl 2024	
2. apríl	Skóli hefst að loknu páskafríi - allt samkvæmt stundaskrá
23. - 24. apríl	Þemadagar - skóli til 12:00 báða daga og þá opnar Frístund fyrir skráða nemendur
25. - 28. apríl	Námsferð starfsmanna Glerárskóla - skólafrí
Mái 2024	
1. maí	Hátíðisdagur verkalýðsins - skólafrí
9. maí	Uppstigningardagur - skólafrí
21. - 23. maí	Skólaferðalag 10. bekkjar
Júní 2024	
3.- 4. júní	Uppbrotsdagar - skólastarf til 13:15 hjá öllum nemendum, þá opnar Frístund fyrir skráða nemendur
5. júní	Skólaslit (nánar síðar)

„Eitt vingjarnlegt orð getur haldið þrem köldum vetrarmánuðum
heitum í hjarta hverrar manneskju”
Japanskt orðatiltæki

Hnetulaus skóli

Við minnum forráðamenn á að Glerárskóli er hnetulaus skóli. Hnetur og matur sem inniheldur hnetur er því með öllu bannaður í skólanum og á það einnig við um nestispakkann.

Það skiptir gífurlega miklu máli að allir fylgi þessu eftir þar sem það gæti reynst lífshættulegt ef hnetur komast í snertingu við þá einstaklinga sem hafa ofnæmi fyrir þeim.

Hjálpumst að því Glerárskóli er hnetulaus að fullu.



Bílastæði við Glerárskóla

Enn og aftur biðlum við til forráðamanna í Glerárskóla að fylgja umferðarreglum á bílastæðum við skólann. Gott er að fylgja eftirfarandi:

1. Á sleppisvæðinu er gert ráð fyrir að bílar stöðvi ekki lengi heldur sé það nýtt til að hleypa nemendum út/inn.
2. Þegar leggja þarf í lengri tíma á að nota bílastæðin en leggja ekki þvert fyrir aftan aðra bíla né á eyjum, gangstéttum eða við ruslagáma. Það eru ekki bílastæði.



3. Gott er að nota bílastæði ofan við leikskólann Klappir en þaðan er auðveld leið að Glerárskóla í gegnum vindanddyri.
4. Akstur inn að skólanum er bannaður nema fyrir fatlaða og vöruflutninga.
5. Aka á inn á bílastæðið við Árholt og út af bílastæði við Klappir.

Reynum okkar besta til að börnin okkar séu örugg við skólann sinn og hjartans þakkir fyrir samvinnuna.

Glerárskóli, v/Höfðahlíð

603 Akureyri

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá kl. 07:45 - 15:00 en
í fríum nemenda er hún opin frá kl. 10:00 - 12:00.

Sími skólans:: 461-2666

Netfang skólan: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða skólans: glerskoli.is

Facebook síða: Glerárskóli

HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

